

28. júní 1974.

331

Nr. 72.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 28. júní 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

32. gr. C. orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 3 700.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 2 300.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1000.00 krónur, en 400.00 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ávarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 28. júní 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*